

Skíðasamband Íslands
Skíðaping 29.-30.okt 2021



Akureyri

Efnisyfirlit

1. Þingsetning	3
2. Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar	3
3. Ávörp gesta	4
4. Heiðursviðurkenningar SKÍ.....	4
5. Skýrsla stjórnar og nefnda	4
6. Reikningar SKÍ framlagðir	4
7. Álit kjörbréfanefndar.....	4
8. Reikningar bornir undir atkvæði	4
9. Fjárhagsáætlun lögð fram	4
10. Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda	4
11. Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar	5
12. Tillögur og ályktanir afgreiddar	6
13. Úthlutun móta og annarra verkefna.....	Error! Bookmark not defined.
14. Kosningar	6
15. Önnur mál	7
16. Þingslit	8

Föstudagur 29. okt 2021

1. Þingsetning

Bjarni Th. Bjarnason, formaður SKÍ, tekur til orðs og setur þingið. Heldur smá tölu og segir að hann bjóði sig fram á ný til formanns.

Þingsetning var föstidaginn 29.okt kl. 17:00 og áætluð þinglok eru laugardaginn 30.okt kl 16:00.

2. Embættismenn og starfsnefndir þingsins kosnar

Kosnir / tilnefndir voru sem embættismenn þingsins:

Þingforseti var tilnefndur Dagný Linda Kristjánsdóttir og Kristinn Magnússon sem annar þingforseti.

Þingritari var tilnefndur Snorri Páll Guðbjörnsson og Jón Viðar Þorvaldsson sem annar þingritari.

Tilnefningar samþykktar með lófaklappi.

Þingforseti, Dagný Linda Kristjánsdóttir, þakkaði fundarmönnum traustið og gekk beint til dagskrár.

Þingforseti staðfesti að löglega væri til þingsins boðað.

Kosið í starfsnefndir – kjörbréfanefnd og kjörnefnd.

Tilnefnd í kjörbréfanefnd voru þau Agnes Brá Birgisdóttir, Gísli Reynisson og Kristján Hauksson.

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

Tilnefndir í kjörnefnd voru þeir Davíð Björnsson, Eðvald Garðarsson og Krístrún Lind Birgisdóttir

Tilnefning samþykkt með lófaklappi.

3. Ávörp gesta

Ingi Þór Ágústsson, fulltrúi ÍSÍ, bar góðar kveðjur frá forseta, framkvæmdastjórn og starfsmönnum ÍSÍ. Þakkar gott samstarf, ræðir starfsemi ÍSÍ og fleiri mál.

4. Heiðursviðurkenningar SKÍ

Engar viðurkenningar voru veittar á þinginu.

5. Skýrsla stjórnar og nefnda

Formaður sambandsins, *Bjarni Th. Bjarnason*, fór lauslega yfir skýrslu stjórnar. Þingfulltrúar hafa skýrsluna hjá sér.

6. Ársreikningur SKÍ

Jón Viðar Þorvaldsson, framkvæmdastjóri, talar fyrir reikningnum. Allir þingfulltrúar hafa reikninginn fyrir framan sig til hliðsjónar. Fyrir þingið liggur einn reikningur til samþykktar, 2020.

7. Álit kjörbréfanefndar

Gísli Reynisson kynnti niðurstöður kjörbréfanefndar. Alls eru 24 þingfulltrúar sem fara með 32 atkvæði á þinginu, 8 atkvæði eru ógild þar sem enginn fulltrúi er mættur fyrir þau félag. Til að fá samþykki fyrir 2/3 hluta atkvæðagreiðslu (sem þarf fyrir lagabreytingar) þarf því 21 atkvæði og en skipting við hreinan meirihluta atkvæða við 17 atkvæði.

8. Reikningar bornir undir atkvæði

Þingforseti bar reikning sambandsins undir atkvæði og var hann samþykktur samhljóða.

9. Fjárhagsáætlun lögð fram

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2022 var kynnt af *Jóni Viðari Þorvaldssyni* framkvæmdastjóra SKÍ, en allir þingfulltrúar höfðu hana fyrir framan sig.

10. Mælt fyrir tillögum og þeim vísað til nefnda

Þingskjal nr. 1 – Fjárhagsáætlun 2012. Vísað í allar nefndir.

Þingskjal nr. 2 – Gjaldskrá SKÍ. Vísað í allar nefndir.

Þingskjal nr. 3 – Tillaga að breytingu á lögum SKÍ frá stjórn SKÍ. Vísað í allsherjarnefnd.

Þingskjal nr. 4 – Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum. Vísað í alpagreinanefnd.

Þingskjal nr. 5 – Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni SKÍ í alpagreinum. Vísað í alpagreinanefnd.

Þingskjal nr. 6 – Tillaga að breytingu á reglugerð um bikarkeppni SKÍ á snjóbrettum. Vísað í snjóbrettanefnd.

Þingskjal nr. 7 – Tillaga um breytingu á reglugerð um Skíðamót Íslands í skíðagöngu. Vísað í alpagreina- og skíðagöngunefnd.

Þingskjal nr. 8 – Tillaga að breytingu á reglugerð um Íslandsgöngur. Vísað í skíðagöngunefnd.

Þingskjal nr. 9 – Afreksstefna SKÍ. Vísað til alpagreina-, skíðagöngu- og snjóþrettanefnd.

Þingskjal nr. 10 – Tillaga að breytingu á reglugerðum röðun í ráshópa 12-15 ára í alpagreinum. Vísað í alpagreinaneftnd.

Þingskjal nr. 11 – Tillaga að umræðu um nokkur mál í skíðagöngu. Vísað til skíðagöngunefndar.

Þingskjal nr. 12 – Tillaga að breytingum á lögum SKÍ frá SKRR og BBL. Vísað til allsherjarnefndar.

11. Þinginu skipt upp í nefndir / málstofur kynntar

Á þinginu verða fjórar nefndir, alpagreinaneftnd, skíðagöngunefnd, snjóþrettanefnd og allsherjarnefnd.

Laugardagur 30.okt 2021

12. Tillögur og ályktanir afgreiddar

Þingskjal 1. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 2. Breytingartillaga frá allsherjarnefnd samþykkt samhljóða.

Þingskjal 3. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 4. Alpagreinanevnd lagði fram breytingartillögu sem var samþykkt með 21 atkvæði gegn 9.

Þingskjal 5. Alpagreinanevnd lagði fram breytingartillögu sem var felld með 11 atkvæðum gegn 7. Skjalið lagt fram í upphaflegri útgáfu og felld með 12 atkvæðum gegn 15.

Þingskjal 6. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 7. Samþykkt með 19 atkvæðum gegn 5.

Þingskjal 8. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal 9. Alpagreinanevnd lagði fram tillögu um að vísa afreksstefnu til stjórnar til uppfærslu og vera með samræður við hreyfinguna reglulega. Tillagan samþykkt samhljóða.

Þingskjal 10. Alpagreinanevnd lagði fram breytingartillögu sem var samþykkt samhljóða.

Þingskjal 11. Umræðuskjal, ekkert til samþykktar.

Þingskjal 12. Felld með 16 atkvæðum gegn 4.

13. Kosningar

Formaður kosinn til tveggja ára. Einn er í kjöri til formanns, *Bjarni Th. Bjarnason*. Sjálfkjörinn þar sem Bjarni er einungis einn í framboði. Lófaklapp frá þingfulltrúum.

Formaður alpagreinanevndar. Einungis er einn í framboði, *Sigurður Sveinn Nikulásson*. Sjálfkjörinn.

Formaður skíðagöngunefndar. Einungis er einn í framboði, *Einar Ólafsson*, núverandi formaður skíðagöngunefndar. Sjálfkjörinn.

Formaður snjóþrettanefndar. Einungis er einn í framboði, *Friðbjörn Benediktsson*, núverandi formaður snjóþrettanefndar. Sjálfkjörinn.

Kosið um þrjá meðstjórnendur í stjórn til tveggja ára. Fimm í framboði. *Gísli Reynisson, Hugrún Elvarsdóttir, Jón Egill Sveinsson, Kristinn Magnússon og Vilhjálmur Kristjánsson*. Atkvæði:

1. Jón Egill Sveinsson 25 atkvæði
2. Hugrún Elvarsdóttir 22 atkvæði
3. Gísli Reynisson 18 atkvæði
4. Kristinn Magnússon 17 atkvæði
5. Vilhjálmur Vilhjálmsson 4 atkvæði

Jón Egill Sveinsson, Hugrún Elvarsdóttir og Gísli Reynisson er því kosnir meðstjórnendur í stjórn.

Kosið um þrjá í varastjórn til tveggja ára. Í framboði eru: *Davíð Björnsson, Katrín Einarsdóttir, Kristinn Magnússon og Vilhjálmur Kristjánsson.*

Niðurstaða kosninga: Kristinn Magnússon fyrsti varamaður, Katrín Einarsdóttir annar varamaður og Davíð Björnsson þriðji varamaður.

Kosið um tvo í laga- og reglugerðarnefnd. Í framboði eru: *Ása Sandholt og Þórunn Sif Harðardóttir.* Samþykkt með lófaklappi.

Kosið um tvo í aganefnd. Í framboði eru: *Brynhildur Georgsdóttir og Smári Þorvaldsson.* Samþykkt með lófaklappi.

Skoðunarmenn reikninga tilnefndir, sem aðalmenn: *Smári Þorvaldsson og Þórunn Sif Harðardóttir.* Til vara: *Hrefna Magnúsdóttir og Sigrún Inga Kristinsdóttir.* Samþykkt með lófaklappi.

14. Önnur mál

- *Bjarni Th. Bjarnason, formaður SKÍ.* Leggur fram ályktun um uppbyggingu í Hlíðarfjalli. Samþykkt samhljóða.
- *Fjalar Úlfarsson, fráfarandi stjórnarmaður SKÍ.* Þakkar fráfarandi stjórn fyrir samstarfið eftir ap hann tók til starfa fyrir einu og hálfu ári síðan. Óskar nýjum stjórnarmönnum til hamingju með kosninguna. SKÍ er að mjög mörgu leyti á góðum stað, fjárhagsstaðan góð og gott starf unnið sem hann vonar að áframhald verði á.
- *Ólafur Björnsson, Skíðafélag Akureyrar.* Tekur til máls og kynnir Scandic Cup sem fer fram á Akureyri í mars 2022.
- *Eðvald Garðarsson, Austri.* Austfirðingar eru að fara að halda UMÍ á komandi vetri og munu ekki halda göngumót miðað við kosninguna áðan en eru klárir að halda göngumót sé þess óskað. Fjallar um hugmynd sem hann hefur um að mögulega skipta upp UMÍ milli Oddskarðs og Stafdal en ekkert sem er ritað í stein og á hann eftir að ræða við sitt fólk og fólkið í Stafdal.
- *Kristján Hauksson, Skíðafélag Ólafsfjarðar.* Þakkar fyrrverandi stjórn sín störf og óskar nýrri stjórn velfarnaðar. SÓ og Dalvík eru að fara að halda fyrsta Skíðagöngumót Íslands eftir að ný reglugerð um það var samþykkt hér áðan og einni Skíðamót Íslands. Vegna óvissunar fyrir þing er hann ekki klár með dagskrá á þessum mótum en munu alltaf gera eins vel mögulegt er. Ætla sér að keyra masters flokka eftir að FIS gönguskíðahlutanum er lokið flokkarnir eru ekki niðurnelgdir en með þessu vonast SÓ til að höfða til þess mikla fjölda sem farið er að stunda gönguskíði sem útivist.

- *Snorri Páll Guðbjörnsson, fráfaramandi formaður alpagreinanevnda SKÍ.* Þakkar fyrri stjórn og stjórnnum samstarfið.
- *Dagný Linda Kristjánsdóttir, þingforseti.* Þakkar þinginu fyrir góðan þingfund.

15.Þingslit

Bjarni Th. Bjarnason þakkaði fyrir gott þing og sagðist hlakka til að vinna með skíðahreyfingunni á næstu misserum. Fráfaramandi stjórnarmönnum er þakkað fyrir sín störf og afhent blóm. Einnig er þingforseta þakka fyrir sín störf og afhent blóm.

Skíðaðingi 2021 er slitið.